

Nd.

37. Frumvarp til laga

um virkjun Gönguskarðsár í Skagafirði.

Flm.: Jón Sigurðsson, Sigurður Þórðarson.

1. gr.

Sauðárkrókshreppi og Skagafjarðarsýslu heimilast að reisa og reka raforkustöð á Sauðárkróki með vatnsorku frá Gönguskarðsá, til þess að vinna þar raforku til almenningsþarfa, og leggja háspennutaugar fram héraðið að Varmahlíð, svo og að gera afspennistöðvar og þau mannvirki önnur, er með þarf til þess að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu, skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt

þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja, að dómi sérfræðinga, vegna almenningshagsmuna.

3. gr.

Þegar Sauðárkrókshreppur og Skagafjarðarsýsla hafa reist orkuverið á Sauðárkróki og tekið það í notkun, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

4. gr.

Raforkuverið á Sauðárkróki selur raforku til nota í kauptúninu og frá fyrirhugaðri háspennulínu til Varmahlíðar. Þá raforku, sem umfram kann að verða þörf notenda á þessu svæði á hverjum tíma, er raforkuverinu skylt að láta í té öðrum byggðarlögum til almenningsnota frá stöðvarvegg orkuversins eða háspennulínum til Varmahlíðar, við kostnaðarverði að viðbættum 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem greitt er fyrir raforkuna á Sauðárkróki, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að tveggja milljón króna lán fyrir Sauðárkrókshrepp og Skagafjarðarsýslu til rafvirkjunar samkvæmt lögum þessum, þar með taldar háspennulínur og afspennistöðvar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Fyrir allmörgum árum réðst hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps í að reisa raforkustöð við Sauðána, sem er lítil á innan við kauptúnið. Forráðamenn bæjarins hugðu, að rafveita þessi mundi nægja íbúum kauptúnsins um nokkurt árabil til ljósa og eitt-hvað til suðu og iðnrekstrar. Það kom þó fljótlega í ljós, að rafveitan var ófullnægjandi sérstaklega á vetrum, þegar vatnsrennsli árinna var lítið og ljósanotkun mikil. Nú er svo komið, að stórmikið vantar til, að stöðin fullnægi ljósaþörf íbúa kaupstaðarins, hvað þá meira.

„Á þessu tímabili, sem rafveitan hefur starfað, hefur íbúum kauptúnsins fjölgað talsvert (eru nú um 1000), iðnaður hefur risið upp og fer vaxandi, sem krefst raforku. Reist hafa verið frystihús og hraðfrystihús, mjólkurvinnslustöð, byggð höfn með tilheyrandi mannvirkjum o. fl., er allt þarfnast stóraukins rafmagns. Auk þess hefur verið ákveðið, að síldarbræðslustöð yrði reist á Eyrinni norðan við kauptúnið, sem er mjög þýðingarmikið bæði fyrir Sauðárkrók og héraðið í heild, en í byggingu hennar verður tæplega ráðizt fyrr en kostur er á nægu rafmagni til vélarekstrar og annarra þarfa verksmiðjunnar. Allir forráðamenn kauptúnsins og aðrir, er bezt þekkja til, eru þess vegna sammála um, að afkoma og framtíð kauptúnsins og íbúa þess velti mjög mikið á, að bætt verði úr rafmagnsþörf kauptúnsins og á heppilegri lausn þess máls.

Byggðarlögin inn frá Sauðárkróki, meðfram Sauðárkróksbraut til Varmahlíðar, eru ein hin þéttbýlustu í héraðinu, auk þess liggja bæirnir yfirleitt mjög haganlega til lagningar háspennulínu og dreifingar rafmagnsins, eru t. d. víða í hverfum, þ. e. fleiri bæir saman. Þarna er allmikil ræktun, víða góð engjalönd og mikil framleiðsla.

Þessi byggðarlög eru illa sett að því leyti, að ár eða lækir eru þar engir nothæfir til heimilivirkjunar, svo að bændum er fyrrmunað að fá rafmagn að þeim leiðum.

Í Varmahlíð er að rísa upp alþýðuskóli, er þarf á allmiklu rafmagni að halda,

er fram líða stundir, og verður ríkið að kosta þar að miklu leyti sérstaka rafstöð, ef þörfum skólans verður ekki fullnægt á annan hátt.

Mikill og almennur áhugi er fyrir því í þessum byggðarlögum, eins og víða í héraðinu, að fá rafmagn til heimilisþarfa. Um þörf sveitanna fyrir rafmagn þarf ekki að fjölyrða, reynslan hefur ótvírætt skorið úr því fyrir löngu.

Af því, sem hér er sagt, ætti mönnum að verða ljóst, hver knýjandi nauðsyn er á, að Sauðárkrókskaupþún og nærsveitir þess geti fengið nauðsynlegt rafmagn. Í Skagafirði eru ekki til fallvötn á borð við Sogið eða Laxá í Þingeyjarsýslu, er hafa næga vatnsorku fyrir héraðið. Á undanförunum árum hefur farið fram rannsókn á, hvar heppilegust skilyrði væru til virkjunar fyrir Sauðárkrók og héraðið. Athygli manna hefur aðallega beint að tveim stöðum, Gönguskarðsá, er fellur til sjávar örskammt fyrir norðan kaupþúnið, og Reykjafossi, sem er nokkuð fyrir innan Varmahlíð. Talið er, að á hvorum staðnum fáiist 800—900 hestafla orka. Samkvæmt þessum rannsókn-um og að öllu þessu athuguðu leggur Rafmagnseftirlit ríkisins til, að byrjað verði á virkjun Gönguskarðsár og aflstöðin sett í mitt kaupþúnið. Jafnframt er haft í huga, að Reykjafoss verði virkjaður fyrir sveitirnar í nágrenni hans, svo fljótt sem ástæður leyfa, og háspennulínur orkuveranna tengdar saman.

Rafmagnseftirlit ríkisins vinnur nú að því að ganga til fulls frá teikningum og kostnaðaráætlun um virkjun Gönguskarðsár. Er ábyrgðarupphæðin sett samkvæmt lauslegri áætlun þess.